




Rannsóknasetur Háskóla
Íslands á Vestfjörðum

Hvalveiðar útlendinga 1600 – 1915: Norskir hvalveiðistöðvar á Austfjörðum

Ragnar Edvardsson

Janúar 2024

Inngangur	5
Tilgangur fornleifaskráningar	5
Stutt yfirlit yfir sögu hvalveiða við Ísland	8
Aðferðafræði	10
Fornleifaskráning	12
Neðansjávarkönnun.....	15
Niðurstöður	17
Heimildaskrá	20



Mynd 1. 19. aldar hvalveiðistöðvar á Austfjörðum.

Inngangur

Verkefnið "Hvalveiðar útlendinga á Íslandi 1600 - 1915" hófst árið 2005 með rannsókn á 16. aldar hvalveiðistöð Hollendinga á Strákatanga í Strandasýslu. Síðan hefur rannsóknin undið upp á sig með frekari rannsóknum á minjum eftir erlenda hvalveiðimenn frá 16. öld í Kóngsey og Srákey í Strandasýslu. Árið 2015 hófust síðan rannsóknir á hvalveiðistöðvum Norðmanna á Vestfjörðum og hafa 8 stöðvar verði skráðar með fornleifafræðilegri aðferðafræði, bæði í sjó og landi. Sumarið 2023 hófust síðan rannsóknir á hvalveiðistöðvum Norðmanna á Austfjörðum frá upphafi 20. aldar.

Á árunum 1900 – 1915 starfræktu Norðmenn 5 hvalveiðistöðvar á Austfjörðum; 2 í Mjóafirði, 1 í Hellisfirði, 1 á Svínaskálum í Eskifirði og 1 á Fögrueyri í Fáskrúðsfirði. Að auki starfræktu Bandaríkjamenn hvalveiðistöð á Vestdalseyri í Seyðisfirði í stuttan tíma á árunum 1863 -1866 (Mynd 1). Upphaflega var áætlað að fornleifaskrá 4 stöðvar, þ.e. Mjófirði, Hellisfirði, Svínaskálum og Fögrueyri, en á vettvangi var ákveðið að sleppa í bili stöðinni í Hellisfirði og skrá stöðina á Vestdalseyri í staðinn.

Í þessum hluta rannsóknarinnar voru minjar á Vestdalseyri í Seyðisfirði, Asknesi í Mjófirði, Svínaskálum í Eskifirði og Fögrueyri Fáskrúðsfirði skráðar á land en vegna sjólags reyndist ekki unnt að skrá neðansjávarminjar við Asknes og aðeins takmarkaðar kannanir fóru fram á Svínaskálum og Fögrueyri. Vettvangsvinna rannsóknarinnar fór fram í ágúst 2023 og úrvinnsla og skýrsluskrif voru unnin á haust- og vetrarmánuðum 2023. Að rannsókninni komu Benedikt Kári Theodórsson, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir og Ragnar Edvardsson, sem var umsjónarmaður rannsóknarinnar og sá um frágang gagna og skýrsluskrif.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifakönnun felur í sér að skipulega er farið yfir fyrirfram ákveðið svæði með fornleifafræðilegri aðferðafræði, í þeim tilgangi að staðsetja þekktar eða óþekktar fornminjar. Fornleifakönnun getur farið fram bæði á sjó eða landi og er aðferðafræðin í grunninn sú sama. Á fyrsta stigi fornleifakönnunar er venjulega farið yfir ýmsar heimildir, m.a. sagnfræðileg rit, skjöl, kort, loftmyndir, osfrv., sem geta gefið til kynna staðsetningu fornminja. Við vettvangsathuganir er notast við ýmskonar fjarkönnunarbúnað, þ.e. á landi



Mynd 2. Vestdalseyri í Seyðisfirði.

GPS, dróna, viðnámsmæla (e: resistivity meter), jarðsjá (e: ground penetrating radar) osfrv., en í sjó tvígeisla (e: side-scan sonar), fjölgeisla (e: multibeam echosounder) og segulviðsmæla (e: magnetometer). Á landi er einnig gengið um könnunarsvæðin til nánari skoðunar á þeim stöðum sem fjarkönnun hefur gefið til kynna að fornleifar geti leynst en í sjó er köfunum og neðansjávarmyndavélum beitt í sama tilgangi.

Samkvæmt skilgreiningu þjóðminjalaga eru fornminjum skipt í forngripi og fornleifar og eru allar fornminjar eldir en 100 ára friðaðar. Að auki eru öll skip og bátar eldri en 1950 taldir til fornminja. Í þriðju grein þjóðminjalaganna segir:


„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers



Mynd 3. Fagraeyri í Fárskrúðsfirði.

- kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
 - c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
 - d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
 - e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
 - f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,



Mynd 4. Dýptarkort fyrir innri hluta Seyðisfjarðar.

- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands (Lög Um Menningarminjar, 80. 2012).

Áður en kemur að deiliskipulagi, aðalskipulagi eða ýmiskonar framkvæmdum er skipulags- og framkvæmdaraðilm skilt samkvæmt þjóðminjalögum að láta fara fram skráningu fornleifa á tilvonandi framkvæmdarsvæði og á þetta við hvort sem það er í sjó eða á landi.

Stutt yfirlit yfir sögu hvalveiða við Ísland

Frá upphafi landnáms nýttu Íslendingar sér fyrst og fremst hvalreka og eignlegar hvalveiðar voru fátíðar. Ritaðar heimildir benda þó til þess að bændur, þá sérstaklega á

Vestfjörðum, hafi farið til hvalveiða þegar að tækifæri gafst til en engin merki er um að Íslendingar hafi stundað hvalveiðar í atvinnuskyni fyrr en á 20. öld (Grágás 1992; Jónsbók 2004; Bjarni F. Einarsson 2008; Gils Guðmundsson 1946; Gylfi Helgason 2020).

Upphaf hvalveiða í atvinnuskyni má rekja til Baska á 11. öld og í fyrstu stunduðu þeir hvalveiðar nær eingöngu í Fetlaflóa (Biscay-flóa). Þegar komið var fram á 16. öld hrundi stofn sléttbaka í Fetlaflóa vegna ofveiði og leituðu Baskar norðar í leit að fengsælli miðum. Við upphaf 17. aldar birtust baskneskir hvalveiðimenn við strendur Íslands og á fyrstu tveim áratugum aldarinnar voru þeir nær einráðir í hvalveiðum á þessum slóðum (Barkham 1994; Trausti Einarsson 1987).

Á fyrri hluta 16. aldar hófu aðrar þjóðir hvalveiðar á Norður-Atlantshafi, einkum Hollendingar og Englendingar og á fáum árum tókst þeim að hrekja Baska af miðunum; í kjölfarið réðu þessar þjóðir lofum og lögum í hvalveiðum á svæðinu. Englendingar og Hollendingar byggðu hvalveiðistöðvar í Norður-Noregi, á Svalbarða, Jan Mayen og á Íslandi. Hvalaafurðir, sér í lagi hvallýsi, var unnið í stöðvunum fram á seinni hluta 17. aldar en þá lögðust þær af, bæði vegna tækninýjunga sem gerðu mönnum kleift að bræða spik um borð í skipunum samhliða því að byrjað var að bræða spik í heimahöfnum. Á tímabilinu frá lokum 17. aldar og fram á 19. öld lá vinnsla í landstöðvum á Norður-Atlantshafssvæðinu niðri og það var ekki fyrr en með frekari tæknibreytingum um miðja 19. öld að þær urðu aftur mikilvægur hlekkur í vinnslu hvalaafurða (de Jong 1972; Simon M. Thomas 1935; Chelsey Sanger 1995; Frank 2005).

Þegar komið var fram á 19. öld stunduðu margar þjóðir hvalveiðar í atvinnuskyni á Norður Atlantshafi en það voru helst Danir, Norðmenn og Bandaríkjamenn sem kepptu um hvalveiðar við Ísland. Árið 1862 kom bandaríski hvalveiðimaðurinn Thomas Welcome Roys til Seyðisfjarðar til að veiða hvali. Hann hafið nýlega fundið upp sprengiskutul sem hann gerði tilraunir með við Íslandsstrendur fram til ársins 1865. Hvalveiðar Roys gengu ekki sem skyldi þar sem að sprengiskutulinn reyndist óáræðanlegur við veiðarnar. Svo fór að Roys varð gjaldproti og hvarf af Íslandsmiðum og á næstu árum voru litlar sem engar hvalveiðar við Ísland. Norski sel- og hvalveiðimaðurinn Svend Foyn fékk veður af tilraunum Roys og á nokkrum árum tókst honum að endurhanna og fullkomna



Mynd 5. Hafsbótinn við Vestdalseyri. Myndin sýnir vel hallann á brekkunni við marbakkann.

sprengiskutul Roys. Með því að tvinna saman hraða gufuskipa og nýtilkomnum sprengiskutli, sem gat dælt lofti í hvali svo að þeir flutu, varð nú mögulegt að veiða stærri og hraðsyndari hvalategundir en áður þekktist. Þetta leiddi til þess að hægt var að skutla mun fleiri hvali en mögulegt var að verka um borð í hvalveiðibátum. Af þeim

sökum gaf þessi nýjung landstöðvum aftur aukið vægi við vinnslu hvalafurða. Á tímabilinu 1883 – 1900 reistu Norðmenn átta stórar hvalveiðistöðvar á Vestfjörðum; Á Langeyri og Dvergasteinseyri í Álftafirði, Uppsalaeyri í Seyðisfirði, Stekkeyri (Heklukeyri) í Hesteyrarfirði, Meleyri í Veiðileysufirði, Sólbakka í Önundarfirði, Höfðaodda í Dýrafirði og Suðureyri í Tálknafirði. Um 1900 er talið að Norðmenn hafi verið búnir að skutla um 10.000 hvali við Vestfirði og hvalastofnar voru farnir að sýna öll ummerki ofveiði; því færðu norsku hvaleiðimennirnir sig til Austfjarða í von um meiri afla. Frá 1900 og fram að hvalveiðibanninu 1915 gerðu Norðmenn út frá 5 hvalveiðistöðvum á Austfjörðum; tvær stöðvar í Mjófirði, Sveinstaðeyri í Hellisfirði, Fögrueyri í Fárskrúðsfirði og Svínaskálum í Eskifirði. Eftir 1900 héldu hvalveiðar áfram en smátt og smátt fjaraði undan þeim vegna aflaleysis og almennrar andstöðu meðal Íslendinga. Hvalveiðum Norðmanna á Íslandi lauk svo endanlega árið 1915 en þá bönnuðu íslensk stjórnvöld stórhvalaveiðar við Ísland og stóð það bann fram til ársins 1928. (Johnsen 1959; Tønnessen 1967; Trausti Einarsson 1987; Smári Geirsson 2015; Gylfi Helgason et al. 2020).

Aðferðafræði

Aðferðafræði verkefnisins byggir á fornleifaskráningu og enginn fornleifauppgröftur var framkvæmdur. Aðferðafræðin var tvískipt og miðaði annar hluti hennar að skráningu á




Mynd. 6. Minjar á Asknesi í Mjóafirði.

landi en hinn í sjó. Áður en að sjálfri vettvangsvinnunni kom var leitað ritaðra heimilda, svo og ljósmynda, sem gætu gefið hugmynd um staðsetningu og útlit minjastaða. Þær helstu rituðu heimildir sem stuðst var við voru; dagblöð sem gefin voru út á tímabilinu 1870 - 1915, þ.e. Þjóðólfur, Ísafold og Austri, osfrv., bækur Trausta Einarssonar um hvalveiðar sem gefin var út árið 1987 og Smára Geirssonar sem gefin var út 2015, svo og ýmis skjöl og ljósmyndir frá Þjóðskjalasafni. Einnig var stuðst við fyrri fornleifaskráningar sem framkvæmdar hafa verið á svæðinu.

Við fornleifaskráningu á landi voru notaðar hefðbundnar aðferðir við fornleifaskráningu. Allar sjáanlegar minjar voru mældar upp og ljósmyndaðar. Sömu leiðis voru minjar skráðar úr lofti með landmælingardróna af gerðinni DJI Mavic 3 pro.

Við fornleifaskráningu við hvalveiðistöðvarnar var hafsbotninn kannaður með jarðeðlisfræðilegum aðferðum, þ.e. tvígeislamæli (side-scan sonar), neðansjávardróna (Remote Operated Vehicle). Við könnunina var notaður Tritech Starfish 452



Mynd 7. Hvalveiðistöðin á Svínaskálum samkvæmt korti (Guðný Zoega et al. 2004). Allar þessar minjar eru að mestu horfnar.

tvígeislaflak, sem vinnur á 455 khz og dregur 40 metra. Tvígeislaflakinn er dreginn á eftir bát á 4 hnúta hraða (2m/sec). Til nánari könnunar var notast við Bluerove2 neðansjávardróna, sem getur kafað niður á meira en 100 metra dýpi og siglir að meðaltali á 3 hnúta (1,5 m/sec) hraða (mynd 2). Byggt á þeim upplýsingum sem var safnað með jarðeðlisfræðilegu könnuninni voru nokkrir staðir valdir til nánari könnunar með köfunum.

Fornleifaskráning

Rannsóknin hófst á Vestdalseyri í Seyðisfirði en þaðan var gert út til hvalveiða á árunum 1862 til 1866. Ekki var talin þörf á að fornlæifaskrá svæðið á landi þar sem að þegar hefur verið framkvæmd ítarleg fornlæifaskráning á eyrinni. Í þeirri fornlæifaskrá kemur fram að um miðja 19. öld hafi þéttbýli tekið að myndast á Vestdalseyri og um 1884 hafi verið skráð 24 heimili með 128 íbúum á eyrinni. Byggð hélst stöðug fram undir aldamótin 1900 en eftir því sem leið á 20. öldina fjaraði undan byggð á Vestdalseyri, á meðan að þorpinu í botni fjarðarins óx fiskur um hrygg. Í upphafi hernáms Íslands í seinni



Mynd 8. Rústir hvalveiðistöðvarinnar á Fögrueyri í Fárskrúðsfirði.

heimstyrjöldinni var eyrin lögð undir herstöð, sem þjónaði sérstaklega skipum sem sigldu til Rússlands, og má segja að Seyðisfjörður, ásamt Hvalfirði, hafi verið ein mikilvægasta herstöð á Íslandi í seinni heimstyrjöldinni. Eftir að styrjöldinni lauk var herstöðin lögð niður og búseta á eyrinni var endanlega lokið árið 1957 (Elín Hreiðarsdóttir 2019).

Ekki er að merkja að minjar um hvalveiðar hafi fundist við fornleifaskráninguna árið 2019 og því var ákveðið að kanna eyrina, sérstaklega við fjöruna, ef fyndust einhver ummerki um hvalveiðar. Við þessa könnun komu ekki í ljós nein frekari ummerki um hvalveiðar en líklegt er að hin langa búsetusaga og endurbyggingar hafi umturnað öllum minjum um veru hvalveiðimanna á eyrinni. Þó er ekki ólíklegt að fornleifauppgröftur geti leitt í ljós minjar, sem tengjast útgerð hvalveiðimanna frá því um miðja 19. öld.

Í landi Svínaskála í Eskifirði reisti Ásgeir Ásgeirsson kaupmaður frá Ísafirði hvalveiðistöð árið 1904 og var hún starfrækt í 8 ár, eða fram til ársins 1912. Árið 2004 fór fram fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðarbyggð. Í þeirri skráningu var aðeins skráðir einn minjastaður á hvalveiðistöðinni en samkvæmt rituðum heimildum




Mynd 9. Leyfar eldhólfs bræðslunnar á Asknesi í Mjóafirði.

erfitt var að átta sig á lögun þeirra. Líklegt er að þar leynist undir rústir hvalveiðistöðvarinnar (Mynd 7).

Árið 1900 flutti Hans Ellefsen sig um set frá Vestfjörðum og reisti hvalveiðistöð á Asknesi í Mjóafirði. Stöðin var starfrækt fram til ársins 1912 en þá var þegar farið að draga úr veiðum vegna aflaleysis. Ellefsen flutti starfsemi sína til suður Afríku og gerði þaðan út til hvalveiða fram á efri ár. Á Asknesi voru skráðar 22 minjastaðir og af þeim voru 13 sem hægt var að ákvarða með vissu að tilheyrðu hvalveiðistöðinni. Minjar nr. 1 – 6 voru leyfar verksmiðjuhúsa, þ.e. lýsis- og mjölbræðslu, osfrv. Minjar 7 – 11 voru leyfar geymsluhúsa og verkstæða og minjar 21 og 22 voru leyfar af strompum verksmiðjanna. Aðrar minjar á nesinu voru af ýmsum toga og erfitt var að átta sig á notkun þeirra. Þó er líklegt að

tilheyrðu 18 byggingar hvalveiðistöðinni (Guðný Zoega et al. 2004). Við vettvangsathugun kom í ljós að hvalveiðistöðin hefur orðið fyrir miklu raski og þá sérstaklega vegna lagningar þjóðvegarins og ljóst er að hann hefur verið lagður yfir nokkrar byggingar. Sömuleiðis hefur túnaslétta eyðilagt fjölmarga minjastaði og af þeim 18 byggingum, sem finnast í rituðum heimildum er aðeins eftir rúst af smiðju. Á svæðinu þar sem helstu byggingar hvalveiðistöðvarinnar stóð áður, þ.e. bræðslan, mjölverksmiðjan, flensiplan, osfrv., sáust nokkrar þústir en



Mynd 10. Frávik sem komu fram á tvígeislamæli í Seyðisfirði.

all nokkrar séu landbúnaðarminjar og ótengdar hvalveiðistöðinni, enda var áður fyrr bær á Asknesi sem var kominn í eyði þegar hvalveiðistöðin var byggð (Mynd 6).

Á Fögrueyri í Fárskrúðsfirði reisti þýskur hvalveiðimaður, Dr. Paul, hvalveiðistöð rétt eftir aldamótin 1900 en hún var aðeins starfrækt í nokkur ár. Á Fögrueyri voru aðeins skráðar 5 minjar og sú stærsta þeirra var ferhyrndur grunnur byggingar með leyfum af strompi sunnan megin. Þessi bygging er að öllum líkindum leyfar af bræðslu en óvíst er hvort hér sé um lýsis- eða mjölbræðslu að ræða. Austan megin við þessa byggingu er stór hóll og er mögulegt að þar undir leynist frekari hvalveiðiminjar en eingöngu verður úr því skorið með fornleifauppgrefti. Aðrar skráðar minjar voru, vegslóði, naust og rúst austan megin á eyrinni, en ekki var hægt að átta sig á notkun hennar (Mynd 8).

Neðansjávarkönnun

Hafsbotninn í fjörðum á Austfjörðum virðist við fyrstu athugun vera talsvert frábrugðinn fjörðum á Vestfjörðum. Í þeim fjörðum sem kannaðir voru neðansjávar kom í ljós að hafsbotninn dýpkar smá saman þar til hann hefur náð 5- 9 metra dýpi en þá


id	x	y	z	Tegund	Hlutverk	Lýsing
1	13°58'56,83"	65°16'54,78"	11	Skipsflak	Bátur	Tveir hlutir. Sá minni er greinilega lítill bátur(8x2 m).
2	13°58'45,78"	65°16'56,61"	8,8	Óþekkt	Óþekkt	Ílangur hlutir 10 metrar á lengd.
3	13°58'51,31	65°16'54,52	21	Keðja	Óþekkt	15 metra löng keðja.
4	13°59'02,03	65°16'49,50	23,1	Óþekkt	Óþekkt	Ferhýrndur hlutur grafinn í sand.
5	13°58'35,62	65°16'51,55	29,1	Óþekkt	Óþekkt	Lítill hlutur, ílangur
6	13°58'20,39	65°16'57,36	10	Óþekkt	Óþekkt	Óreglulegir hlutir.
7	13°58'21,85	65°16'58,24	15	Óþekkt	Óþekkt	Sporöskjulaga hlutur. 10 metra langur.
8	13°57'06,92	65°17'09,69	15	Óþekkt	Óþekkt	Lítill hlutur, ílangur
9	13°56'10,36	65°17'16,08	10,2	Óþekkt	Óþekkt	Ílangur hlutur 5 metrar. Grafinn í set
10	13°57'56,32	65°17'01,85	30	Skipsflak	Hvalveiðiskip	Flakið af barkskipinu Reindeer?
11	13°57'47,75	65°17'02,15	25	Óþekkt	Óþekkt	Sama og nr. 10?
12	13°57'46,75	65°17'04,53	30	Óþekkt	Óþekkt	15 metra langur hlutur grafinn í set
13	13°56'17,19	65°17'13,08	50	Skipsflak	Óþekkt	30 metra ílangur hlutur. Situr í brekku
14	13°56'31,49	65°17'09,79	50	Óþekkt	Óþekkt	Ógreinilegur hlutur sem fellur að hluta inn í dauða svæðið
15	13°59'41,04	65°16'18,19	26,5	Skipsflak	El Grillo	Tankskip sem sókk var í WWII

Tafla 1. Listi yfir frávik sem komu fram á tvígeislamæli.

snardýpkar hafsbotninn niður á 20 – 30 metra. Það má segja að í öllum fjörðunum sem kannaðir voru hafi hafsbotninn verið búinn að ná 20 metra dýpi 30 – 100 metra frá strönd. Við Vestdalseyri í Seyðisfirði er dýpi orðið 20 metrar um 100 metra frá strönd, við Asknes í Mjóafirði er það 30 metra frá landi, við Svínaskála er dýpið 20 metrar 100 metra frá landi og svo loks við Fögrueyri í Fárskrúðsfirði er það 20 metrar 80 metra frá landi. Í fjörðunum á Vestfjörðum er þessu öðru farið þar sem að almennt dýpkar smá saman án rótækrar dýpkunar.

Neðansjávarkönnunin hófst við Vestdalseyri og í ljósi þess að ritheimildir bentu til þess að þó nokkrar neðansjávarminjar væru í firðinum var ákveðið að mæla með tvígeislamæli talsvert strærra svæði en upphaflega var áætlað (Mynd 4). Svæðið sem var mælt náði frá botni fjarðarins og út að Dvergasteini, norðan megin í firðinum, eða um 3000 x 1000 metrar (mynd). Við tvígeislamælinguna komu fram 15 frávik (Tafla 1) og af þeim voru 3 skipsflök. Önnur frávik voru flest lítil og óregluleg og ekki reyndist tími til að kanna þau nánar (Mynd 10).

Valin voru tvö stærstu frávin til nánari könnunar og reyndust þau bæði vera skipsflök. Frávik 1 er að öllum líkindum skipsflak og er áhugavert að lítill bátur er festur við flakið með keðju og er minni báturinn líklega lítill síldveiðibátur (Mynd 11). Þetta flak er á 11 metra dýpi. Frávik 10 er annað skipsflak, 25 x 6 metrar að stærð, og liggur það á 30 metra dýpi. Miðað við staðsetningu og lýsingar úr ritheimildum er líklegt að þetta sé flakið af hvalveiðiskipinu „Reindeer“ sem sókk við Vestdalseyri árið 1865 (Mynd 12). Frávik 15 er



Mynd 11. Frávik nr. 1. Á myndinni sést lítill bátur bundin við stærra flak.


flakið af tankskipinu „El Grillo“ sem sökk árið 1944 eftir árás þýskrar sprengjuflugvélar. Flakið af „El Grillo“ var ekki kannað nánar, þar sem það er vel þekkt og er kafað reglulega niður á það.

Í kjölfarið var svæðið í kringum Vestdalseyrina kannað nánar með köfunum og þær sýndu að talsvert er af minjum á hafsbótningum í kringum sjálfa eyrina. Flest þessara minja eru minni gripir, t.d. gler- og keramiklát og fjölmargir ógreinanlegir járnhlutir. Á svæðinu sáust engin hvalbein en þó er ekki útilokað að bein komi í ljós við nánari rannsóknir á hafsbótningum við Vestdalseyri.

Bæði við Fögrueyri í Fárskrúðsfirði og Svínaskála í Eskfirði voru svæði 300 x 300 metrar könnuð með tvígeislamæli. Á hvorugum staðnum komu fram stór frávik og nánari könnun með neðansjávardróna sýndi að ekki voru mikið um minjar innan þess svæðis sem kannað var. Þó sáust nokkrir gripir, óþekktir járngripir, keramik og glerlát. Mikilvægt er þó að taka fram að tiltölulega lítið svæði var kannað og minjar gætu leynst annarsstaðar, þá sérstaklega undir marbakkanum beint út af hvalveiðistöðvunum.

Niðurstöður

Fornleifaskráningin 2023 sýndi að margt er sambærilegt hvað varðar varðveislu minja eftir erlenda hvalveiðimanna á Vestfjörðum og Austfjörðum. Allar stöðvarnar höfðu orðið fyrir einhverju raski vegna framkvæmda á 20. öld og þær stöðvar sem orðið höfðu fyrir



Mynd 12. Frávik 10 sem sennilega er flakið af barkskipinu Reindeer.

mestum skemmdum voru stöðvarnar á Svínaskálum í Eskifirði og Vestdalseyri í Seyðisfirði.

Hvalveiðistöðin á Vestdalseyri var smá í sniðum og þéttbýlismyndun á eyrinni á seinni hluta 19. aldar og byrjun þeirrar 20. hefur eytt öllum ummerkjum um stöðina. Þó ber að hafa í huga að hvalveiðiminjar gætu komið í ljós við jarðrask. Á Svínaskálum í Eskifirði er það vegagerð og túnasléttu sem hefur raskað minjum eftir hvalveiðimenn. Af þeim 18 byggingum sem áður tilheyrðu hvalveiðistöðinni á Svínaskálum var aðeins ein sem ekki hafði orðið fyrir raski.

Minjar um veru norskra hvalveiðimanna á Austfjörðum er best varðveitt á Asknesi í Mjóafirði. Á nesinu voru skráðar 22 minjar og hægt var að tengja 13 þeirra við hvalveiðar en hinar 9 eru sennilega tengdar landbúnaði enda var byggð á nesinu áður en að norskir hvalveiðimenn lögðu það undir sig. Nyrst á nesinu er rústaþyrping og eru þar leyfar af mjöl- og lýsisbræðslum, ásamt múrsteinsstropum. Suðvestan við þessa þyrpingu eru 3 rústir ásamt múrsteinsstropi sem fallið hefur niður í fjöruna fyrir neðan.

Á Fögrueyri í Fárskrúðsfirði voru aðeins skráðar 4 minjar og er sú stærsta þeirra sennilega leyfar lýsis- eða mjölbræðslu. Sunnan við þessa rúst er lítill vegslóði sem líklega tilheyrir hvalveiðistöðinni. Vestan við stærstu rústina er grasi gróið, sléttuð svæði en útlit þess bendir sterklega til að frekari minjar leynist þar undir sverði. Austan stóru byggingarinnar voru skráðar tvær minjar, lítið naust og steiptur grunnur íbúðarhúss en óvíst er hvort húsið hafi tilheyrt hvalveiðistöðinni á Fögrueyri.

Neðansjávarskráningin sýndi fyrst og fremst að aðstæður í austfirskum fjörðum er talsvert ólík því sem er á Vestfjörðum. Allir firðirnir sem kannaðir voru dýpkuðu snögglega tiltölulega stutt frá landi og var hallinn á brekkunni, þar sem hallar niður í dýpið, 60° og náði dýpið fljótt 30 metrum á tiltölulega litlu svæði.

Við könnun með tvígeislaðli í Seyðisfirði komu fram 15 frávik og voru 12 þeirra litlir ógreinilegir hlutir, sem ekki voru kannaðir nánar. Af 15 frávikum voru 3 stórir hlutir og við nánari könnun kom í ljós að um skipsflök var að ræða. Frávik nr. 1 var flak af skipi og var lítill bátur tengdur við það með keðju. Hugsanlega er hér um að ræða flakið af færeyska kúttinum Fearless, sem sökk við Vestdalseyri 20. september 1900. Frávik 10 var flak af tréskipi og er líklegt að það sé flakið af briggkipinu Reindeer, sem var í eigu hvalveiðimanna og sökk eftir árekstur á þessum slóðum árið 1865. Frávik 15 er svo flakið af tankskipinu El Grillo, en staðsetning þess er vel þekkt.

Ekki reyndist unnt að framkvæma neðansjávarrannsókn við Asknes í Mjóafirði vegna slæms sjólags en við kannanir í Eskifirði og Fárskrúðsfirði með tvígeislaðli sýndu engin stór frávik en kafanir sýndu þó að talsvert er af gripum í nágrenni stöðvanna. Nauðsynlegt er þó að taka fram að sjólag var slæmt á meðan á vettvangsrannsóknum stóð og tiltölulega lítil svæði voru könnuð. Frekari neðansjávarrannsóknir munu eflaust geta leitt í ljós frekari minjar á hafsbotninum.

Heimildaskrá

Arne D. Johnsen (1959). *Den moderne hvalfangsts history*. B. 1. 2 b. Oslo: Aschehoug.

Chelsey W. Sanger (1995). „The Origins of British Whaling: Pre-1750 English and Scottish Involvement in the Northern Whale Fishery.“ *The Northern Mariner/Le Marin du Nord* 5(3), bls. 15–32.

Guðmundur Ólafsson og Helgi Þorláksson. (1995). *Staða fornleifaskráningar á Íslandi 1995*. Reykjavík: Fornleifadeild Þjóðminjasafn Ísland.

Barkham, Selma H. (1984). „The Basque Whaling Establishments in Labrador 1536–1632: A Summary.“ *Arctic* 37(4), bls. 515–519.

Bjarni F. Einarsson. (2008). „Transproduktion i det medaltida island: Med utgangspunkt fran garden Bær i Öräfi, S-Island.“ *Símunarbók: Heiðursrit til Símun V. Arge á 60 ára degnum 5. September 2008*. Ritstj. Caroline Paulsen og Helgi D. Michelsen, bls. 72–89. Fróðskapasetur og Faroe University Press, Þórshöfn.

de Jong, C. (1972). *Geschiedenis van de oude Nederlandse walvisvaart* 1. bindi. Pretoria, Universiteit van Suid-Afrika.

Frank, S.M. (2005). „Transformations: Dutch whaling in the Arctic 1595–1795.“ *Koersvast: Vijf eeuwen navigatie op zee*. Ritstj. R. Daalder, F. Loomeijer, D. Wildeman og L. Akveld, bls. 202–212. Aprilis, Zaltbommel.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórisdóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir (2018). *Fornleifar á Vestdalseyri: Deiliskráning á þéttbýlinu og nánasta nágrenni*, Fornleifastofnun Íslands, FS692-17101, Reykjavík.

Gils Guðmundsson (1946) ‘Hvalveiðar við Ísland’, *Sjómannadagsblaðið Vikingur*. 11.–12. tbl., 1. desember, pp. 290–320.

Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, Bryndís Zoëga (2004). *Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*, Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 27.

Gunnar Karlsson, Sveinsson, K. and Árnason, M. (ritstj.) (1992) *Grágás. Lagasafn Íslenska Þjóðveldisins*. Reykjavík: Mál og Menning.

Gylfi Helgason, Alexandra Tyas, Ragnar Edvardsson (2019). Fornleifarannsókn á 19. aldar hvalveiðistöðvum á Vestfjörðum. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 2019*, bls. 55 – 84.

Johan Nicolay Tønnessen og Arne Odd Johnsen. (1982). *The History of Modern Whaling*. University of California Press.

Már Jónsson (ed.) (2004) *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Simon M. Thomas (1935). Onze Ijslandvaarders in de 17de en 18de Eeu: Bijdrage tot de Geschiedenis van de Nederlandsche Handel en Visscherrij. Enum, Amsterdam. Smári Geirsson (2016). *Stórhvalveiðar við Ísland til 1915*. Sögufélag. Reykjavík.

Trausti Einarsson (1987). Hvalveiðar við Ísland 1600–1939. Í Bergsteinn Jónsson (ritstjóri), *Sagnfræðirannsóknir. Studia Historica. 8: bindi*. Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs.